Þriðjudaginn 12. júní.

Nr. 82/1973: **Helga Kristrún Þórðardóttir**
gegn
Guðmundi Jóni Sigurbjörnssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Úrskurður skiptadóms um frávísun staðfestur.

Dómur Hæstaréttar:

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Bogi Nílsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 26. apríl 1973, sem barst Hæstarétti 28. maí s. á. Kveður lögmaður sóknaraðilja sig hafa fengið vitneskju um úrskurðinn 12. apríl s. á. Hann gerir þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir skiptaráðandann á Akureyri að taka mál þetta af nýju til efnismeðferðar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja. Fallast ber á þá úrlausn héraðsdómara, að mál þetta sæti eigi úrlausn skiptadóms, sbr. 79. gr. laga nr. 39/1921, er hér á við, sbr. nú 54. gr. laga nr. 60/1972. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð. Dæma ber sóknaraðilja til að greiða varnaraðilja kærumálskostnað, sem ákveðst kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Helga Kristrún Þórðardóttir, greiði varnaraðilja, Guðmundi Jóni Sigurbjörnssyni, kærumálskostnað kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptadóms Akureyrar 5. apríl 1973.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar hinn 16. marz s.l., hefur

Helga Kristrún Þórðardóttir, Dvergabakka 24, Reykjavík, höfðað fyrir skiptaréttinum með kröfugerð fyrir dómi og framlagningu skjala í dóm hinn 25. ágúst s.l. á hendur fyrrverandi eiginmanni sínum, Guðmundi Jóni Sigurbjörnssyni, Álfabyggð 13, Akureyri.

Sóknaraðili gerir þær dómkröfur, „að húseigninni Álfabyggð 13, Akureyri, óskiptri eign félagsbús fyrrverandi hjóna, sóknar- og varnaraðilja, verði skipt að hálfu miðað við nettóandvirði eignarinnar, allt eftir reglum laga nr. 20, 1923."

Þá krefst sóknaraðili þess, að varnaraðilja verði gert að greiða honum málskostnað að skaðlausu eftir mati dómsins og framlögðum málskostnaðarreikningi.

Varnaraðili krefst þess, að máli þessu verði vísað frá skiptarétti og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður.

Sáttatilraunir hafa reynzt árangurslausar.

Báðir aðiljar hafa gefið skýrslu fyrir dómi, og af hálfu beggja hafa verið lagðar fram greinargerðir og önnur skjöl, samtals 16. Málflutningur um frávísunarkröfu varnaraðilja fór fram hinn 16. marz s.l. og málið þá tekið til úrskurðar um það ágreiningsefni.

Málavextir eru þeir í megindráttum, að hinn 21. júlí 1970 leituðu hjónin Guðmundur Jón Sigurbjörnsson og Helga Kristrún Þórðardóttir, aðiljar þessa máls, til embættis bæjarfógetans á Akureyri og óskuðu þess, að leyfi til skilnaðar að borði og sæng þeirra í milli yrði gefið út.

Samkvæmt bókun í hjónaskilnaðabók embættisins, en myndrit hennar hefur verið lagt fram í málinu, dskj. nr. 5, hafa hjónin verið á eitt sátt um skipan forræðis yfir barni þeirra, um framfærslueyri með því og á milli þeirra innbyrðis, en hann skyldi enginn vera. Um fjárskipti hjónanna er þetta bókað: „Þau lýsa því yfir, að algert samkomulag sé um eignaskipti á félagsbúi þeirra."

Eftir því, sem komið hefur fram í málinu, höfðu hjónin ekki lokið fjárskiptum sínum að öllu leyti, þegar hér var komið. M. a. var skiptum varðandi húseign þeirra, Álfabyggð 13, Akureyri, og skuldauppgjöri ólokið.

Leituðu þau samdægurs til Ingvars Gíslasonar héraðsdómslögmanns og báru málið undir hann. Sóknaraðili man ekki, hvað fór á milli þeirra hjónanna og lögmannsins, en minnir, að varnaraðili hafi eitthvað minnzt á húseign þeirra.

Varnaraðili segir, að lögmaðurinn hafi tekið að sér að gera eignaskiptasamning fyrir þau og hafi hann síðan ritað „samkomulag um eignaskipti", sem lagt hefur verið fram í málinu, dskj.

nr. 11. Skjalið, sem er undirritað af báðum aðiljum, ómótmælt, og dagsett 28. september 1970, er svohljóðandi:

„Í sambandi við skilnað okkar að borði og sæng lýsum við undirrituð yfir því sem samkomulagi okkar á milli um eignameðferð, að ætlun okkar er, að maðurinn haldi húseigninni Álfabyggð 13, Akureyri, en greiði konunni út eftir nánara samkomulagi síðar ákveðna fjárupphæð sem eignarhluta hennar í búinu. Erum við ásátt um, að fjárhæð þessi sé rétt metin kr. 370.000.00 — þrjúhundruðogsjötíuþúsund krónur 00/100. Er þá fólgið í þeirri tölu lán að upphæð kr. 70 þús., sem faðir konunnar, Þórður Snæbjörnsson, lét ganga til okkar, tekið hjá Lífeyrissjóði verkstjóra, með veði í húsi Þórðar. Er ætlunin, að konan (Helga) sjái um að greiða lánið, sem þá yrði manninum (Jóni) óviðkomandi.

Ofangreinda upphæð, kr. 370 þús., skal maðurinn greiða upp á minnst tíu árum, frá því að lögskilnaður hefst, en annars eins fljótt og fjárhagur hans leyfir. Skal nánara samkomulag um skuld þessa og greiðslu hennar gert síðar, m. a. vaxtagreiðslur. Er í því sambandi rætt um að gera skuldabréf með veði í fasteign búsins, en engu slegið föstu um greiðslufyrirkomulag né tryggingu á greiðslunni."

Hjónin fengu útgefið leyfi til skilnaðar að borði og sæng hinn 22. júlí 1970, eða daginn eftir að beiðni þeirra hafði komið fram.

Hinn 25. júní 1971 ritaði sóknaraðili undir „afsal", sem lagt er fram í málinu, dskj. nr. 3, og er það svohljóðandi:

„Ég undirrituð Helga K. Þórðardóttir, Túngötu 32, Reykjavík, geri kunnugt með bréfi þessu, að ég tel fyrrverandi eiginmann minn, Jón Sigurbjörnsson, Álfabyggð 13, Akureyri, löglegan eiganda að húseigninni Álfabyggð 13 og öllu, sem í því er, og því tilheyrir. Svo og bifreiðunum A 335, sem er Daf 750, árgerð 1963, og A 1453, sem er Volkswagen 1200, árgerð 1956.

Hef ég að fullu tekið allt það, sem ég ætla að taka og leggja hald á.

Lýsi ég hér með yfir, að hann hefur að fullu greitt mér áður umsamið andvirði hluta míns í sameign okkar með:

1. hluta úr innbúi þann 22. 7. 1970 og til 23. 6. 1971.
2. kr. 100.000.00 eitthundraðþúsundkrónur 00/100, sem greitt var með ávísun þann 6. maí 1971.
3. veðskuldabréfi kr. 266.666.00 tvöhundruðsextíuogsexþúsund sexhundruðsextíuogsex 00/100 krónur, dagsettu og þinglesnu þann 24. júní 1971.

Tel ég eignaskiftum okkar þar með að fullu lokið.

Framangreindu afsali til staðfestu er nafn mitt ritað í votta viðurvist."

Með yfirlýsingu, dagsettri 8. ágúst 1972, ritaðri á eitt eintak afsalsins, afturkallar sóknaraðili nafnritun sína undir afsalið á þeim forsendum, að hann hafi verið blekktur, vísvitandi eða óafvitandi, til þess að rita undir það.

Hinn 22. júlí 1971 leitaði varnaraðili til embættis bæjarfógetans á Akureyri og krafðist lögskilnaðar við konu sína, sóknaraðilja þessa máls. Lýsti hann því þá yfir m. a., að eignaskiptum væri lokið.

Hinn 13. ágúst s. á. mætti Ingvar Gíslason héraðsdómslögmaður fyrir hönd sóknaraðilja í hjónaskilnaðarmálinu samkvæmt skriflegu umboði sóknaraðilja, sbr. dskj. nr. 4, þar sem segir:

„Ég undirrituð Helga Þórðardóttir, Túngötu 32, Reykjavík, veiti hér með Ingvari Gíslasyni, Álfabyggð 18, Akureyri, umboð til að annast fyrir mig frágang eignaskipta og lögskilnað hjá bæjarfógeta Akureyrar vegna fjarveru minnar."

Féllst lögmaðurinn á lögskilnaðarkröfu varnaraðilja fyrir hönd umbjóðanda síns með þeim skilmálum, sem varnaraðili hafði lýst.

Leyfi til algers skilnaðar milli aðiljanna var síðan gefið út í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu hinn 18. ágúst s. á.

Með bréfi til bæjarfógetans á Akureyri, dagsettu 10. ágúst s.l., krafðist Jón E. Ragnarsson héraðsdómslögmaður þess fyrir hönd sóknaraðilja, að félagsbú aðiljanna, þ. e. fasteignin Álfabyggð 13, Akureyri, yrði tekið til skiptaréttarmeðferðar.

Í bréfi til lögmannsins, dagsettu 18. sama mánaðar, bendir bæjarfógeti á, að aðiljarnir hafi „tilkynnt embættinu oftar en einu sinni, að algert samkomulag væri um eignaskiptin og að eignaskiptum á félagsbúinu væri lokið." Þá vísar hann til 59. gr. og 79. gr. laga nr. 39/1971 um rétt til riftunar á samkomulagi hjóna um eignaskipti, en þau mál telur hann „eðlilegast, að séu rekin fyrir bæjarþingi."

Mál þetta var síðan tekið fyrir í skiptarétti Akureyrar hinn 25. ágúst s.l., eins og áður er rakið.

Af hálfu sóknaraðilja er því haldið fram, að óheimilt hafi verið að veita aðiljum leyfi til skilnaðar að borði og sæng hinn 22. júlí 1970, þar sem fjárskiptum þeirra hafi ekki verið lokið, nema vísa skiptunum þá um leið til skiptaréttar. Varnaraðili hafi síðar blekkt sóknaraðilja til þess að undirrita afsalið á dskj. nr. 3, sem ritað er hér að framan. Lausafjármunum búsins hafi verið skipt í samræmi við afsalið og sóknaraðili móttekið þar greint fé og

veðskuldabréf, en húseignin Álfabyggð 13 sé hins vegar enn óskipt eign búsins. Þá hafi umboðsmaður sóknaraðilja, Ingvar Gíslason, farið út fyrir umboð sitt, þegar hann samþykkti lögskilnaðarkröfu og yfirlýsingu varnaraðilja um, að eignaskiptum væri lokið, fyrir valdsmanni hinn 13. ágúst 1971. Sé yfirlýsing umboðsmannsins því ekki skuldbindandi fyrir sóknaraðilja. Þá hélt lögmaður sóknaraðilja því fram við munnlegan málflutning, að „samkomulag um eignaskipti" á dskj. nr. 11, sem ritað er hér að framan, væri ógilt frá upphafi af sömu ástæðum og afsalið á dskj nr. 3.

Af hálfu varnaraðilja er því haldið fram, að fullt samkomulag hafi verið með aðiljum um fjárskipti þeirra. Samkvæmt 59. gr. og 79. gr. laga nr. 39/1921 geti það hjóna, sem telji á sig hallað í samningum um eignaskipti vegna hjúskaparslita, stefnt hinu fyrir rétt og fengið samningum hrundið. Þetta skuli þó gera innan 6 mánaða frá skilnaði. Lögskilnaður hafi verið veittur aðiljum þessa máls hinn 18. ágúst 1971 og séu því allir frestir til aðgerða liðnir. Beri því að vísa málinu frá skiptarétti.

Ekki verður talið, að 51. gr. laga nr. 39/1921, sem við átti, eða venjuhelguð framkvæmd hafi verið því til fyrirstöðu, að hjónum væri veitt leyfi til skilnaðar að borði og sæng, þótt þau hefðu þá ekki lokið fjárskiptum eða skiptaréttur tekið bú þeirra til skiptameðferðar. Nægði í þessu efni, að hjón væru sammála um að skipta sjálf búi sínu án aðstoðar skiptaréttar, enda væru þau á eitt sátt um meginatriði skiptanna.

Samkvæmt efni yfirlýsingar aðiljanna fyrir valdsmanni hinn 21. júlí 1970 varðandi fjárskiptin, með hliðsjón af skjalagerð þeirra, áður en leyfi til algers skilnaðar var gefið út, þykja aðiljar hafa haft fullan vilja til þess að skipta búi sínu sjálfir án aðstoðar skiptaréttarins. Eftir gögnum málsins þykir skiptum þeirra jafnframt hafa verið lokið, þegar leyfi til algers skilnaðar var gefið út hinn 18. ágúst 1971.

Í þessu máli verður ekki metið, hvort hallað hafi verið á annan hvorn aðiljann í samningum þeirra, enda ber það ágreiningsefni undir bæjarþing samkvæmt 79. gr. laga nr. 39/1921.

Samkvæmt framangreindu ber að vísa máli þessu frá skiptarétti.

Eftir atvikum þykir mega ákveða, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Við munnlegan málflutning hreyfði lögmaður sóknaraðilja því, að skiptaráðandi málsins væri ef til vill vanhæfur til þess að fara

með það vegna fyrri afskipta bæjarfógetans á Akureyri af því. Ekki krafðist lögmaðurinn þess, að skiptaráðandi viki sæti.

Það athugist, að skiptaráðandi þessa máls hefur farið með það þann tíma, sem málið hefur verið til meðferðar í skiptarétti, og hafði hann engin afskipti af málinu áður.

Úrskurðarorð:

Máli þessu er vísað frá skiptarétti.

Málskostnaður fellur niður.

Þriðjudaginn 12. júní 1973.

Nr. 85/1973: **Guðmundur Snorrason**
gegn
Guðmundi Hj. Ákasyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar:

Jakob J. Havsteen, fulltrúi sýslumanns í Árnessýslu, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 25. maí 1973, er barst Hæstarétti 30. s. m. Krefst sóknaraðili þess, að „ómerktur" verði hinn kærði úrskurður „um tryggingu og niðurfellingu málskostnaðar og að fógetagerðin nái fram að ganga og" honum verði „tildæmdur málskostnaður fyrir báðum dómum."

Varnaraðili krefst þess, að kærumálinu verði vísað frá Hæstarétti og sóknaraðilja dæmt að greiða honum kærumálskostnað.

Lagaheimild brestur til kæru máls þessa, sbr. 21. gr., 3, a, laga nr. 57/1962. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.